



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Húsavík, 30. nóvember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð Sveitarfélaga, 478. mál.

Byggðarráð Norðurþings fagnar þeim markmiðum með breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs að bæta gæði jöfnunar og einfalda útreikninga og skipulags sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum og er það mikilvægt í ljósi fjölbreytileika sveitarfélaga hvað varðar tekjugrundvöll, landsstærð, fjölda þéttbýliskjarna o.fl.

Byggðarráð telur að þau sveitarfélög sem fullnýta ekki útsvarsprósentu sína eigi að fá skerðingu úr Jöfnunarsjóði. Því lýsir ráðið furðu sinni á að fallið hafi verið frá slíku ákvæði að þessu sinni.

Einnig er vont að millistór landmikil sveitarfélög með marga þéttbýliskjarna fái lækkun framlaga úr sjóðnum við útreikninga hins nýja líkans. Sveitarfélög sem eru samt að veita mikla og fjölbætta félagsþjónustu um langar vegalengdir eins og t.d. Norðurþing.

F.h. byggðarráðs Norðurþings

Norðurþing
Katrín Sigurjónsdóttir

Katrín Sigurjónsdóttir
sveitarstjóri